



Fundargerð

Svæðisráð austursvæðis - 123. fundur svæðisráðs austursvæðis haldinn á fjarfundi, miðvikudaginn 6. desember 2023, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlaþings,
Urður Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps,
Einar Kr Haraldsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,
Þórhallur Þorsteinsson, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Ragna Fanney Jóhannsdóttir, þjóðgarðsvörður á austursvæði,
Stefán Frímann Jökulsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á austursvæði.

Pétur Heimisson og varamaður hans boðuðu forföll ásamt Helgu Hrönn Melsteð og hennar varamanni.

Austursvæði - af vettvangi stjórnar - 2203071

1.

Gestir

Ingibjörg Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri fór yfir málefni af síðasta stjórnarfundi.

2. **Gjaldskrá 2024 - 2311025**

Gjaldskrá lögð fram til kynningar.

Gestir

Helga Árnadóttir

Ingibjörg Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri kynnti breytingar á gjaldskrá.

Helga og Ingibjörg yfirgáfu fundinn kl. 10:35

3. **Rekstraráætlun - 2024 - 2309037**

Þjóðgarðsvörður fór yfir rekstraráætlun ársins 2024.

Svæðisráð samþykkir rekstraráætlun austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs og telur jákvætt að fjármagn hafi veirið aukið til starfseminnar til að standa undir lögbundnum hlutverkum en svæðinu hefur ekki verið tryggt nægt fjármagn undanfarin ár. Í rekstraráætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir aukningu stöðugilda svo hægt sé að sinna landvörslu, þjálfun landvarða, lengja opnun Snæfellsstofu og létta álagi á heilsársstarfsfólk. Mikilvægt er að tryggja rekstrarsvæðinu nægilegt fjármagn til frambúðar.



4. Austursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarðar - 2006023

Þjóðgarðsvörður fór yfir verkefni á svæðinu ásamt aðstoðarþjóðgarðsverði.

5. Samstarf við Landsvirkjun - Austursvæði 2023 - 2302039

Skýrsla fyrir árið 2023 lögð fram til kynningar.

Þjóðgarðsvörður kynnti skýrslu vegna samstarfs þjóðgarðsins og Landsvirkjunar.

Fundargerð ritaði: Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 11:30.